

77. fundur Atvinnumálanefndar Stykkishólmsbæjar haldinn á Ráðhúsloftinu 03.05.2011 kl 16:00. Mættir eru: Egill Egilsson, Heiðrún Höskuldsdóttir, Magnús Bæringsson og Gyða Steinsdóttir bæjarstjóri.

Mál á dagskrá:

Erindi Eflingar Stykkishólms vegna ráðningar starfsmanns og aðkoma Stykkishólmsbæjar að slíkri ráðningu.

Bréf dagsett 21. apríl 2011, frá stjórn Eflingar lesið og farið yfir ýmis atriði sem fram koma þar.

Bæjarstjóri upplýsti að viðræður séu að fara af stað milli sveitarfélaganna á Snæfellsnesi um ráðningu sameiginlegs starfsmanns til að sinna markaðs og atvinnumálum sameiginlega fyrir Snæfellsnes.

Atvinnumálanefnd fagnar þessari hugmynd og hvetur til þess að niðurstaða fáiast í málið sem fyrst, því mörg brýn verkefni bíða úrlausna hér hjá okkur.

Atvinnumálanefnd leggur því til á meðan verið er að skoða sameiginleg markaðsmálefni að Stykkishólmsbær útvegi Eflingu skrifstofuhúsnæði og að skoðað verði hvort hægt sé að nýta starfskrafta einhvers af því góða starfsfólki sem Stykkishólmsbær hefur nú yfir að ráða til að sinna þeim verkefnum sem brýnt er að verði sinnt núna fyrir sumarið. Kostnaðarhlutdeild og starfssvið viðkomandi starfsmanns yrði samkomulagsatriði milli Eflingar og Stykkishólmsbæjar.

Ef ekki fæst jákvæð niðurstaða í umræður sveitarfélaganna á Snæfellsnesi um sameiginlegan starfsmann, verði málið hinsvegar endurskoðað.

Fundi slitið kl.17:45

Egill Egilsson (sign),
Heiðrún Höskuldsdóttir (sign),
Magnús Bæringsson (sign),
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri (sign).